

Árið 2012 hinn 12. desember. (12.12.12)

Stjórmarfundur í Oddafélaginu haldinn í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu.  
Mætt voru Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir.

Formaður setti fund kl. 14:00 og lagði fyrir fundarmenn svohljóðandi dagskrá:

1. Aðalmál á dagskrá: Ný þróun. Oddadagur. Komi í stað Oddastefnu. Mætti þó koma við einu erindi. Dagsetning nálægt Sæmundardegi 22. maí, m.ö.o. laugardagur 18. eða 25. maí 2013.
  2. Þriðja Sæmundarstund hjá Stúdentum Háskóla Íslands nálægt vorjafndægrum 2013.
  3. Félagatal. Greiðsla árgjalda o.s.frv.
  4. Aðalfundur í febrúar 2013.
  5. Sæmundarvellir
  6. Goðasteinn á næstu grósum – með fjórum erindum frá Oddastefnu 2011.
  7. Önnur mál
- 
1. Formaður telur tíma til komin að breyta til þó Oddastefna sé vel sótt og jafnvel horfa til framtíðarskipulags í Odda. Var eftir umræður stjórnin fylgjandi því að halda enn um sinn í form Oddastefnunnar, jafnvel með færri erindum, lengri umræðum og tónlistaratriðum úr héraði. Gott að nýta aðstöðuna sem er fyrir hendi í Safnaðarheimilinu og fara mögulega á undan eða eftir í stutta heimsókn í Odda. Þarf stjórn að nýta sér betur fjölmíðlana á svæðinu til að kynna félagið og Oddastefnu. Stefnt á að halda Oddastefnu 25. maí 2013.
  2. Sæmundarstundin sem stúdentar tóku að sér hefur verið haldin tvívar og ætlar formaður að heyra í þeim til að minna á stundina og festa í sessi.
  3. Félagið á í sjóði í kringum 100.000 og eru félagar í kringum 80 talsins og er árgjaldið 1.000. Flestir eru með netfang og er sá miðill nýttur til samskipta.
  4. Ákveðið að boða til aðalfundar 27. febrúar kl. 16:00 í Safnaðarheimilinu á Hellu. Formaður setur saman fréttabréf með dagsetningum aðalfundar og Oddastefnu og upplýsingum varðandi greiðslu fyrir árgjald.
  5. Ákveðið var að formaður ritaði bréf til fasteignasviðs Kirkjuráðs í nafni félagsins og hvetja til þess að Oddatorfunni yrði skipt.
  6. Goðasteinn er á lokaundirbúningi og í honum verða erindi frá Oddastefnu 2011.
  7. Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:30.